



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Stafrænt ráð

Sendandi: Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um stöðu Borgarskjalasafns í skipuriti borgarinnar – PON23010028

Á fundi borgarráðs þann 9. mars 2023 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga um af hverju Borgarskjalasafn heyrir undir sviðsstjóra þjónustu- og nýsköpunarsviðs (PON) í skipuriti borgarinnar. Spurt er hvort það sé rétt staðsetning í skipuriti í ljósi þess að að þjónustu- og nýsköpunarsvið ætti að vera svið sem styður við aðrar stofnanir borgarinnar en á ekki að vera valdastofnun. Undir þetta sjónarmið er t.d. tekið í nýrri skýrslu KPMG um framtíðarskipulag Borgarskjalasafns en þar segir: „Til að safnið geti sinnt lögbundnu eftirlitshlutverki sínu þarf að tryggja sjálfstæði þess gagnvart stjórnendum borgarinnar. Óhæði safnsins er lykilatriði í eftirliti með skjalamyndun og skjalavörslu. Má ætla að núverandi staðsetning í skipuriti, undir þjónustu- og nýsköpunarsviði (PON), hafi áhrif á sjálfstæði safnsins. Þar sem PON ber ábyrgð á skjalavörslu borgarinnar þá er í raun bæði eftirlit skjalavörslu og framkvæmd skjalavörslu á höndum sama aðila. Ein leið til að auka sjálfstæði væri að færa safnið í skipuriti til t.d. innri endurskoðunar svo hægt sé að draga skýrari línur milli framkvæmdar skjalavörslu og eftirlits með skjalavörslu.

Fyrirspurninni var vísað til stafræns ráðs til meðferðar úr borgarráði þann 15. mars sl. og frá stafrænu ráði til umsagnar skrifstofu borgarstjóra og borgarritara þann 13. apríl sl.

Svar:

Í samræmi við tillögur að breytingum á stjórnskipulagi Reykjavíkurborgar sem samþykktar voru í borgarráði 7. febrúar 2019 tók nýtt skipurit gildi 1. júní þetta sama ár. Rauði þráðurinn í þeirri endurskipulagningu var að einfalda og skýra boðleiðir, skýra umboð og ábyrgð og skerpa á hlutverki lykileininga. Stofnuð voru þrjú kjarnasvið og tók nýtt svið þjónustu og nýsköpunar m.a. yfir þau verkefni sem voru í höndum skrifstofu þjónustu og reksturs. Borgarskjalasafn Reykjavíkur, sem áður heyrði undir skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, var fært undir sviðsstjóra þjónustu- og nýsköpunarsviðs í samræmi við tillögu um að útvíkka skjalamál borgarinnar vegna tækifæra sem tengjast m.a. stafrænni umbreytingu og auknum stuðningi við fagsvið borgarinnar. Hér var litið til heildrænnar og kerfisbundinnar stjórnunar á upplýsingum og skjölum frá upphafi til enda. Allt frá því að skjal / upplýsingar verða til og eru á vinnslustigi; móttaka, skráning og flokkun skjals / upplýsinga í skjalakerfi; virk notkun og stýring skjals / upplýsinga; rafræn skil upplýsinga / skjala í langtímavarðveislu eða grisjun. Markmiðið var að færa safnið inn á nýjar slóðir tæknilausna og hagræðingu með nútímalegri lausnum og



Reykjavíkurborg

högun í tækni. Staðsetning Borgarskjalasafnsins í skipuriti borgarinnar var því rökrétt skref á sínum tíma.

Á síðasta ári var lögð fram tillaga að stefnumótun fyrir framtíðartilhögun starfsemi Borgarskjalasafns Reykjavíkur og lagt til að skoða nánara samstarf eða frekari þjónustukaup frá Þjóðskjalasafni Íslands. Stýrihópur ásamt ráðgjöfum KPMG skilaði af sér valkostagreiningu sem byggði á grunnforsendum um húsnæði, mannauð, öryggi, stafræna innviði, fjármagn og umhverfi. Í borgarstjórn þann 7. mars s.l. var samþykkt tillaga meirihlutans um að starfsemi Borgarskjalasafns taki breytingum í samræmi við valkost þrjú sem felur í sér að skilgreind lögbundin verkefni þess verði flutt til Þjóðskjalasafns Íslands. Þjónustu- og nýsköpunarsviði var falið að fylgja ákvörðuninni eftir m.a. með því að ganga frá samkomulagi um útfærslu og framkvæmd við Þjóðskjalasafn. Í tillögunni felst því að Borgarskjalasafn verður lagt niður í núverandi mynd og mun því hverfa úr skipuriti borgarinnar þegar þar að kemur.

Þorsteinn Gunnarsson
borgarritari